

SKIPULAGSDAGURINN 2015

17. september kl. 09:30-16:00 á Hilton Reykjavik Nordica

Salur A

Fundarstjóri Einar Jónsson Skipulagsstofnun.

09:00 Húsið opnar – skráning.

09:30 Ávarp

Sigrún Magnúsdóttir, umhverfis- og auðlindaráðherra

09:45 Af vettvangi skipulagsmála

Hafðís Hafliðadóttir, staðgengill forstjóra Skipulagsstofnunar.

10:00 Vindorkubú – reynsla frá Skotlandi

Graham Marchbank, Principal Planner, Scottish Government.

10:45 Hlé

11:00 Framkvæmd laga – ný lög og úrskurðir

Ottó Björgvin Óskarsson, Skipulagsstofnun.

11:25 Ímynd og skipulag

Matthildur Elmarsdóttir, Alta ráðgjöf.

11:50 Skipulagsábyrgð sveitarfélaga og hlutverk ríkisins

Halldór Halldórsson, formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga.

12:15 Hádegishlé

13:15 Vinnustofur á 2. hæð

Vinnustofa A, Vindorka og skipulag

Framsaga Sigurður Ásbjörnsson, Skipulagsstofnun.

Viðbrögð frá Pétri Inga Haraldssyni skipulagsfulltrúa Uppsveita og Önnu G. Sverrisdóttur verkefnastjóra SAF

Umræðustjóri, Ágúst Sigurðsson sveitarstjóri Rangárbings ytra

Vinnustofa B, Ferðamannastaðir og skipulag

Framsaga Ólöf Ýrr Atladóttir, ferðamálastjóri.

Viðbrögð frá Helga Héðinssyni formanni skipulagsnefndar Skútustaðahrepps og Kristni Jónassyni bæjarstjóra Snæfellsbæjar

Umræðustjóri Aldís Hafsteinsdóttir bæjarstjóri Hveragerðisbæjar

Vinnustofa C, Búsetumynstur og skipulag

Framsaga Guðmundur Kristján Jónsson, Borgarbragur ehf.

Viðbrögð frá Salvöru Jónsdóttur skipulagsfræðingi og Hrafnkeli Proppé svæðisskipulagsstjóra SSH

Umræðustjóri Hjálmar Sveinsson borgarfulltrúi og formaður umhverfis- og skipulagsráðs Reykjavíkurborgar

16:00 Fundarlok

Vinnustofur

A. Vindorka og skipulag

Áhugi á að virkja vindorku fer vaxandi hér á landi. Landsvirkjun hefur þegar reist tvær vindmyllur við Búrfell í tilraunaskyni og áformar að reisa allt að 200 MW vindorkuver með 80 vindmyllum á því svæði. Einkaaðili hefur reist tvær vindmyllur í Þykkvabænum og hefur áform um að reisa vindbú með 10-15 vindmyllum á þeim slóðum. Einnig hafa erlendir aðilar komið að máli við nokkur sveitarfélög með hugmyndir um að reisa vindbú. Ekki liggur fyrir opinber stefna um nýtingu vindorku á Íslandi né stefna um forsendur fyrir vali svæða fyrir vindbú, líkt og til dæmis Skotar hafa. Víðerni eru ein af mikilvægustu náttúrugæðum Íslands, en sjónræn áhrif og áhrif á landslagsheildir eru einn stærsti áhrifaþáttur vindbúa. Það er því mikilvægt að stíga varlega til jarðar þegar teknar eru ákvarðanir um þessa nýju tegund landnýtingar hér á landi. Eru stjórnvöld tilbúin til að takast á við áskoranir sem felast í þessu nýja viðfangsefni? Þarf að bæta stefnumörkun, reglur, upplýsingagrundvöll eða vinnulag? Hvernig þurfa stjórnvöld á landsvísi að vinna að þeim atriðum? Hvernig geta sveitarstjórnir unnið á vettvangi aðalskipulags að mótun stefnu um nýtingu vindorku? Eiga einhver svæði að vera útilokuð fyrir vindmyllur? Hvað þarf að tryggja við undirbúning leyfisveitinga til vindorkunýtingar? Hvaða spurningum þurfum við að leita svara við - að hverju þarf að huga?

B. Ferðamannastaðir og skipulag

Ásókn ferðamanna til Íslands hefur aukist gífurlega á undanförunum árum. Mikil umræða hefur skapast um þennan öra vöxt og hvernig beri að bregðast við m.a. með skipulagi og uppbyggingu til framtíðar. Upplifun á ákveðnum stöðum og áhrif ferðamanna á samfélag eru á meðal þátta sem þurfi að huga að. Rætt er um að dreifa þurfi álagi, skapa segla fyrir ferðapjónustu víðar um landið og í því samhengi er lýst eftir stefnu stjórnvalda um ferðapjónustu og forgangsröðun aðgerða. Hvaða ímynd viljum við gefa af Íslandi sem áfangastað fyrir ferðamenn? Hvernig getum við styrkt sérstöðu og aðdráttarafl einstakra staða? Hvað ber að hafa í huga við uppbyggingu á ferðamannastöðum og hvers konar uppbyggingar er þörf? Hvernig samþættum við áætlanir í mismunandi málaflokkum og tryggjum samstarf hlutaðeigandi aðila? Hvernig geta sveitarfélög nýtt sér sína skipulagsgerð til að móta sýn og skapa ramma um uppbyggingu og rekstur ferðamannastaða? Er hægt að stýra álagi á tiltekna staði með skipulagi og samgöngum, hvort heldur sem er til að takmarka fjölda eða laða að gesti? Hvaða spurningum þurfum við að leita svara við - að hverju þarf að huga?

C. Búsetumynstur og skipulag

Rætt hefur verið um skort á íbúðarhúsnæði á höfuðborgarsvæðinu og víðar, sérstaklega á minni og ódýrari íbúðum og leiguhúsnæði. Í umræðunni hefur íbúðarþörf ungs fólks verið áberandi en minna rætt um aðra aldurshópa í þörf fyrir minni íbúðir og húsnæði á viðráðanlegu verði. Nýjar lýðfræðiupplýsingar sýna að einbúum fjölgar og einnig er staðreynd að það muni fjölga hlutfallslega meira í eldri aldurshópum á næstu árum. Hvernig byggjum við íbúðir og hverfi sem taka mið af þörfum allra þjóðfélags hópa, eldri sem yngri, einstaklinga sem fjölskyldna? Hvernig mótum við byggð með fjölbreyttu mannlífi og félagslegri samsetningu, sem býður upp á aðlaðandi umhverfi sem styður lýðheilsu, vistvæna ferðamáta og félagsleg samskipti? Hvaða tókum þarf að taka þessi mál í skipulagi sveitarfélaga? Hvaða spurningum þurfum við að leita svara við - að hverju þarf að huga?